



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ


3. tölublað
24. árgangur
Desember 2021

Gleðileg jól!



KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk




Now also in English



Teraz także w języku polskim



Er maginnn í steik?



Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fánlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Magasýrupolin hylki sem innihalda 20 mg af virka efninu Omeprazol og eru ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.** Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

teva



Útgefandi: Eining-Íðja
Skípagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - ein@ein.is
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:
Prentmet Oddi

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið



Efnisyfirlit

- 6** Tímamóta samstarfssamningur...
- 7** Takið kvöldin frá!
- 8** Mjög mikil ánægja með félagið og þjónustuna
- 10** Orlofsferðir Einingar-Íðju á árinu 2022
- 12** Eining-Íðja styrkir Velferðarsjóðinn á Eyjafjarðarsvæðinu
- 13** Tvö starfslökanámskeið, á Dalvík og í Fjallabyggð
- 14** Miscellaneous information
- 15** Launahækkanir næsta árs
- 16** Eldri félagsmenn á ferð
- 18** Rózne informacjje
- 19** Desemberuppbót 2021
- 20** Nýtt hús í Svignaskarði
- 20** Viðhorfskönnun...
- 21** Fjölbreytt nám í boði í SÍMEY
- 22** Verðlagseftirlit ASÍ
- 24** Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits
- 25** Kræsingar frá Ketilkaffi
- 26** Sumarfríð farið að lengjast
- 28** Fræðsluátaki vegna Covid lýkur senn
- 28** Heimasíða félagsins er á 12 tungumálum
- 29** Útborgun 30. desember 2021
- 29** Laun um jólin
- 30** Árangur Lífskjarasamningsins er mikill
- 30** Eitt hús stækkað á Illugastöðum
- 31** Greiðslur úr félagsmannasjóði SGS
- 31** Ferðaávisun
- 32** Vetrarleiga orlofshúsa
- 32** Samið um smíði á húsi í Húsafelli
- 33** Jólakrossgátan
- 34** Verðlaunagetraun
- 34** Ekki segja upp í veikindum

*Starfsfólk Enor
óskar félagsmönnum Einingar-Íðju
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*

 ENOR

Hafnarstræti 53
600 Akureyri

S 430 1800
E enor@enor.is

www.enor.is



Óskum viðskiptavinum okkar

gleðilegra jóla

og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin.



SKG
VERKTAKAR

ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐI

Gleðileg jól

Akureyrardeild Prentmets Odda óskar Akureyringum og norðlendingum öllum gleðilegra jóla með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



Tímamóta samstarfssamningur milli Einingar-Iðju og FVSA

17. nóvember sl. var skrifað undir samstarfssamning um nýtingu réttinda félagsmanna milli Einingar-Iðju og Félags versunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Það voru Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, og Eiður Stefánsson, formaður FVSA, sem undirrituðu samninginn. Samningurinn mun gilda til að byrja með í eitt ár og verður endurskoðaður mánuði áður en hann rennur út.

Markmið samstarfsins er að auðvelda félagsmönnum aðgang að þeim réttindum sem þeir þegar hafa öðlast hjá öðru félaginu þegar þeir þurfa að færa sig milli félaga vegna breytinga á starfsvetvangi. Samstarfið felur í sér samnýtingu iðgjalda félagsmanna félaganna vegna fræðslusjóðs, orlofsjóðs og sjúkrasjóðs félaganna.

Tilgangur samstarfsins er að telja saman réttindi félagsmanns hjá hvoru félaginu, í þeim tilgangi að félagsmaður þurfi ekki að bíða ávinnslutíma réttinda sinna heldur getur nýtt



það sem þegar hefur áunnist hjá fyrra félagi og hinu nýja. Núverandi regla um sex mánaða rétt eftir síðustu greiðslu gildir áfram en annars gildir sú regla að greitt hafi verið a.m.k. samtals sex mánuði til beggja félaganna.

Fyrst félaga til að gera slíkan samning

Björn sagði við undirskriftina að félögin hafi í

raun unnið á þessum nótum undanfarin ár en við ákváðum núna að setja þessar reglur á blað. „Ég veit ekki betur en að Eining-Iðja og FVSA séu þar með fyrst félaga innan ASÍ til að gera slíkan samning. Þetta er mikill gleðidagur því með þessu erum við að stíga stórt skref í að tryggja að réttindi fólks detti ekki niður þegar viðkomandi flytur sig á milli félaganna. Ég vona að svona samningur verði gerður við fleiri félög sem fyrst. Samningurinn mun líka verða til þess að við gerum meiri kröfu á að félagsmenn verði í þeim félögum sem hefur samningsumboð fyrir viðkomandi.“

Tímamótasamningur

Eiður sagði að þetta væri tímamótasamningur. „Þetta gerir félagsmönnum auðveldara að fara á milli félaga og vera í réttu stéttarfélagi sem skiptir gríðarlegu miklu máli. Þá er ég að tala um að vera í því stéttarfélagi sem er með þann kjarasamning sem starfsmaðurinn er að fá greidd laun eftir. Loksins kláruðum við þetta og ég vona að þetta sé upphafið að fleiri svona samningum á milli allra stéttarfélaga.“



Kampakátir formenn að lokinni undirskrift.

Opnunartími um jóla og áramót

Milli jóla og nýárs verður skrifstofa félagsins á Akureyri opin á venjulegum opnunartíma.

Skrifstofan á Dalvík verður lokuð 23. og 27. desember.

Skrifstofan í Fjallabyggð verður lokuð 23. og 30. desember.

Mánudaginn 3. janúar verður lokað á öllum skrifstofum félagsins en við opnum aftur á hefðbundnum tíma þriðjudaginn 4. janúar 2022.





Takið kvöldin frá!

Vert er að setja eftirfarandi dagsetningar á minnið.

Fundir í svæðisráðum verði haldnir dagana 25., 26. og 27. janúar, nánari staðsetning verður auglýst er nær dregur.

Aðalfundir deilda verða miðvikudaginn 2. febrúar í Alþýðuhúsinu á Akureyri.

Aðalfundur félagsins verður fimmtudaginn 7. apríl í Hofi á Akureyri.

Aðalfundir deilda og aðalfundur félagsins munu hefjast kl. 19:30



Óskum starfsfólki og viðskiptavinum gleðilegrar jólahátíðar og þökkum samfylgdina á árinu sem er að líða



FYLGSTU MEÐ OKKUR Á INSTAGRAM, FACEBOOK, TIKTOK OG TWITTER!



→ Í VETUR Á N4!

Dagskráin okkar er stútfull af skemmtilegum þáttum í vetur!

Oddur Bjarni hefur tekið við Föstudagsþættinum, Rakei Hinriks býður í kvöldkaffi öll mánudagskvöld, lífsreynslusögur eru til umræðu í þáttunum Þegar og Mín leið, Árni Árnason arkitekt spekulærar í húsunum í bænum og margt fleira!



Leiðandi á landsbyggðunum

Mjög mikil ánægja með félagið og þjónustuna

Nýlega lét félagið, í samstarfi við AFL starfsgreinafélag, Gallup framkvæma könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna Einingar-löju og AFLs starfsgreinafélags. Um er að ræða sambærilega könnun og gerð hefur verið fyrir félögin sl. tíu ár. Helstu niðurstöður liggja nú fyrir og eru væntanlegar inn á heimasíðu félagsins fyrir jól. Það er alltaf fróðlegt að bera þær saman við niðurstöður síðustu ára og sjá hvort miklar breytingar hafa átt sér stað.

Um 47% svarenda voru karlar en um 53% konur. Ríflega fimmtungur svarenda voru undir 25 ára aldri, ríflega fimmtungur var á aldrinum 25-34 ára, tæpur fimmtungur á aldrinum 35-44 ára og um einn af hverjum sex voru á

aldrinum 45-54 ára. Þá var ríflega fimmtungur 55 ára eða eldri.

Mikil ánægja er með þjónustu Einingar-löju og félagið sjálft. Ríflega 80% svarenda sögðust vera sáttir við Einingu-löju og nærri átta af hverjum tíu sagðist ánægt með þjónustuna. Þetta eru heldur betri niðurstöður en fyrir ári.

Í könnuninni voru margir þættir kannaðir, m.a. um heildarlaun og dagvinnulaun, vinnutíma, vinnuálag, launaseðla, áherslur félagsins og ýmislegt í starfsumhverfinu. Einnig var t.a.m. spurt um áhyggjur af fjárhagsstöðu, en ríflega þriðjungur svarenda hefur miklar (mjög miklar eða frekar miklar) áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni. Það er heldur hærra hlutfall sem hefur fjárhagsáhyggjur í könnuninni nú en á sama tíma fyrir ári. Þá telja nærri níu af hverjum tíu, sem afstöðu tekur, að verkalýðshreyfingin eigi

að taka skýra afstöðu og jafnvel forystu í umræðu um tiltekin samfélagsmál.

Könnunin fór þannig fram að 3.000 félagsmenn voru valdir handahófskennt úr félagskrám þessara tveggja félaga, 1.500 frá hvoru félagi. Það er áriðandi að fá sem nákvæmastar niðurstöður þegar slík könnun er framkvæmd, helst að fá alla til að svara, svo hægt sé að nýta niðurstöðurnar í þágu þekkingar og til hagsbóta fyrir félagsmenn. Þeirra upplýsingar skipta miklu máli!

Rannsókn sem þessi er afar gagnleg og getur félagið stuðst við niðurstöðurnar á mörgum sviðum. Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem þátt tóku í launakönnun félagsins í ár.

Vinningsnúmer

Könnunin var líka happdrættismiði því allir sem tóku þátt gátu unnið veglega vinninga. Í bréfinu sem þátttakendur fengu var lukkunúmer. Búið er að draga og voru nöfn eftirfarandi félagsmanna Einingar-löju dregin út.

Tveir vinningar að upphæð kr. 150.000, eitt stk. á hvort félag: **Steingerður Berglind Kristjánsdóttir**.

Tveir vinningar að upphæð kr. 50.000, eitt stk. á hvort félag: **Ástþór Gíslason**.

Fjórir vinningar, vikudvöl í orlofsbúðum félaganna. Tvö stk. á hvort félag: **Agnar Leifur Dagmann Björnsson og Margrét Dóra Eðvarðsdóttir**

Í ár lentu einnig 20 þátttakendur strax í happdrættispotti, 10 frá hvoru félagi, voru í raun dregnir út áður en þeir svöruðu. Hinir heppnu vinningshafar fengu tilkynningu um það um leið og þeir höfðu lokið við að svara könnuninni, um var að ræða kr. 15.000 inn eign á debetkortum sem þeir nálguðust á skrifstofu félagsins á Akureyri. Í ár, eins og í fyrra, tóku allir tíu þátt þannig að allir vinningarnir gengu út, ólíkt síðustu árum. T.d. árið 2019 þá svöruðu aðeins sjö þeirra sem dregin voru út sem þýddi því miður að þrír félagsmenn Einingar-löju misstu af því að fá vinning upp á kr. 15.000 og sex árið 2018. Það getur borgað sig að taka þátt!

Eining-löja óskar vinningshöfum til hamingju og þakkar þeim fjölmörgu sem gáfu sér tíma til að taka þátt.



Anna varaformaður og Björn formaður afhentu Steingerði Berglind og Ástþóri vinningana. Að sjálf-sögðu var hugað vel að sóttvörnum, gott bil á milli og grímur einungis teknar niður í örskotsstund á meðan smellt var af.



Óskum sjóðfélögum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla!



Fékkst þú sjóðfélagayfirlit?

- Það er mikilvægt að bera iðgjaldagreiðslur saman við launaseðla.
- Athuga þarf hvort launagreiðandi skili inn mótframlagi í samræmi við kjarasamning.

Hægt er að skoða útsend yfirlit á sjóðfélagavef Stapa. Hafðu samband við okkur ef iðgjöld vantar eða þú hefur ekki fengið yfirlit en telur að vinnuveitandi hafi átt að skila til Stapa.

Lífeyrisréttindi grundvallast af þeim iðgjöldum sem skila sér til sjóðsins.

Strandgötu 3, 600 Akureyri
Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað

Sími 460 4500

www.stapi.is
stapi@stapi.is

GJAFAKORT GLERÁRTORGS

TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL
TÆKIFÆRI!

GJAFAKORTIN GILDA
Í YFIR 30 VERSLANIR
OG VEITINGASTAÐI Á
GLERÁRTORGI.

PANTAÐU GJAFAKORT Á [GLERARTORG.IS](https://www.glerartorg.is)



Orlofsferðir Einingar-Iðju á árinu 2022

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, en auk þeirra á formaður félagsins og í forföllum hans varaformaður sæti í nefndinni. Undanfarin ár hafa verið í boði þrjár ferðir; utanlandsferð, ferð innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn. Aflysa þurfti öllum ferðum ársins 2020 vegna Covid og einungis var hægt að fara í eina ferð á árinu 2021. Þrátt fyrir Covid er búið að skipuleggja þrjár ferðir á næsta ári og má nánar lesa um þær hér fyrir neðan.

Ítölsku Alparnir og Garda

Farið verður til Ítalíu dagana 5. til 13. júní 2022, ef næg þátttaka fæst. Hámark 60 manns.

Flogið verður frá Keflavík til München og heim aftur til Keflavíkur frá Milanó.

Á fyrsta degi verður flogið frá Keflavík til München og ekið sem leið liggur til þýska skíðabæjarins Garmisch-Partenkirchen. Gist verður eina nótt á Mercure hotel.

Á öðrum degi verður haldið suður á bóginn yfir Brennerskarð í Austurríki til Brixen í Suður-Tírol á Ítalíu. Gist á Hotel Grüner Baum í fimm nætur.

Á þriðja degi verður farin dagsferð til Dólómítafjallgarðsins sem er einn þekktasti fjallgarður í Ölpunum. Hann er á heimsminjaskrá UNESCO. Farið með kláf upp á Pordoi fjall sem er í um það bil 3.000 metra hæð. Á heimleið ekið fram hjá Rosengarten-tindunum.

Á fjórða degi verður farið til Alpa-bæjarins St. Ulrich í Val Gardena sem er afar fallegur og þekktur fyrir útskurð. Þetta er fæðingarstaður Sigurðar Dementz óperusöngvara og tónlistarkennara. Farið verður með kláf upp á Seiser Alm, sem er hæsta hálandissléttu Evrópu.

Á fimmta degi verður ekið til Merano, en borgin var áður höfuðborg Tírol. Á heimleiðinni verður klaustrið Neustift heimsótt og þar verður vínsmökkun.

Á sjötta degi verður farið með kláfi upp á heima fjall Brixen sem heitir Plose (2.542 metrar).

Á sjöunda degi kveðjum við Brixen og höldum til Desenzano sem stendur við suðurenda Gardavatns. Gist verður á Hótel Desenzano í tvær nætur.

Á áttunda degi verður frjálss dagur í Desenzano

Á níunda degi kveðjum Desenzano og Garda og höldum heim á leið með viðkomu m.a. í bænum Bergamo sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Svo verður haldið til Milanó þar sem hópurinn mun skoða sig þar um. Flogið verður frá Milanó kl. 23:50 að staðartíma og komið til Keflavíkur kl. 02:05.

Leiðsögumaður verður Sigurbjörg Árnadóttir og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Verð kr. 275.000 á mann í tveggja manna herbergi en kr. 310.000 í eins manns herbergi Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 50.000 sem þarf að greiða innan 10 daga frá pöntun í ferðina.

Athugið! Boðið verður upp á rútuferð til Keflavíkur 4. júní og heim 13. júní. Einnig verður boðið upp á gistingu í Keflavík aðfararnótt 5. júní ef einhver óskar eftir því.

Dregnir verða 18 orlofspunktar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

Akstur: Allur akstur erlendis.

Flug: Keflavík – München – Milanó – Keflavík.

Gisting: Átta nætur í tveggja manna herbergjum á hótelum með morgunverði.

Átta kvöldverðir innifaldir erlendis.

Ekki innifalið í verði:

Ferðir og gisting innanlands

Aðgangseyrir í söfn, kláfa og aðra áhugaverða staði þar sem þarf að borga inn.

Vínsmökkun.



Flateyjardalur

Farin verður dagsferð út í Flateyjardal laugardaginn 28. ágúst 2022. Hámarksfjöldi er 90 manns. Farið verður með rútu frá Akureyri. **Nauðsynlegt er að hafa með sér nesti til dagsins, annað en grillmat.** Leiðsögumaður verður með í för.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann, innifalið er akstur, grillmat, safar og meðlæti.

Eins dags ferðin

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Íðjufélaga verður farin 23. júní 2022. Farið verður út í Hrísey og þar snæddur hádegisverður. Farið verður út að vita og eyjan skoðuð. Farið verður aftur til Akureyrar með kaffi viðkomu á Dalvík.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í utanlandsferðina og ferðina út í Flateyjardal verður á skrifstofum félagsins, sími 460 3600 eða netfangið ein@ein.is, frá þriðjudeginum 4. janúar 2022.

Athugið að síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.



Gledilega hátíð

Sparisjóður Höfðhverfinga óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Mundu eftir
Aukakrónunum
um jólin

Þú getur keypt næstum hvað sem er fyrir Aukakrónur hjá yfir 200 samstarfsaðilum okkar um allt land. Þú sérð stöðuna á krónunum þínum í appinu.

Kynntu þér Aukakrónur á landsbankinn.is



Eining-löðja styrkir Velferðarsjóðinn á Eyjafjarðarsvæðinu

Nýlega afhenti Eining-löðja Velferðarsjóðnum á Eyjafjarðarsvæðinu styrk að upphæð kr. 1.000.000. Félagið hefur í mörg ár styrkt Jólaaðstoðina, en það er samstarfverkefni Mæðrastyrksnefndar, Rauða krossins, Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðis-hersins á Akureyri og hefur staðið yfir frá árinu 2012.

Markmið verkefnisins er að styðja efnaminni fjölskyldur og einstaklinga á Eyjafjarðarsvæðinu. Söfnunarfé er meðal annars notað til kaupa á gjafakortum sem einstaklingar geta keypt mat fyrir. Samtals fengu rúmlega 400 fjölskyldur og einstaklingar aðstoð á síðasta ári, sem var aukning um 25% á milli ára. Mörg heimili á Eyjafjarðarsvæðinu eru enn illa stöðd fjárhagslega og þurfa á aðstoð að halda.

Rétt er að vekja athygli á því að þessir aðilar aðstoða fólk um allan Eyjafjörð, frá Fjallabyggð að Grenivík.

Samstarfið útvíkkað

Fyrir á árinu var samstarf þessara fjögurra aðila útvíkkað. Auk jólaaðstoðar hafa samtökin nú samstarf á ársgrundvelli um stuðning við efnaminni fjölskyldur og einstaklinga á

Eyjafjarðarsvæðinu svo söfnunarfé og framlög til mála-flokksins nýtist sem best. Nafn samstarfsins breyttist og er nú Velferðarsjóður á Eyjafjarðarsvæðinu. Eins og fram kemur hér að framan fjölgaði umsóknnum um aðstoð töluvert síðastliðið ár og voru umsóknir í heildina um 400 talsins. Þetta er mesti fjöldi umsókna sem borist hefur síðan samstarfið hófst. Þrátt fyrir mikla fjölgun á milli ára kom sjóður jólaaðstoðarinnar vel út eftir árið 2020. Stuðningur frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum hefur aldrei verið meiri og því var hægt að styðja veglega við þau heimili sem þurftu á að halda.

Í desember keypti sjóðurinn inneignarkort í matvöru-verslanir fyrir kr. 15,75 milljónir en ásamt kortunum úthlutaði sjóðurinn matvöru, gjafabréfum frá styrktaraðilum, inneignarkortum í verslun Rauða krossins, vörum úr verslun Hertex og jólagjöfum handa börnum.

Þau sem vilja styrkja jólaaðstoð Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis er bent á söfnunarreikninginn
0302-13-175063 kt. 460577-0209.

Tvö starfslokánámskeið, á Dalvík og í Fjallabyggð

Á undanföllum árum hefur félagið haldið nokkur námskeið fyrir félagsmenn á aldrinum 65 til 70 ára með það að markmiði að fræða viðkomandi um rétt sinn og að leiðbeina við starfslok. Fyrirhugað var að halda tvö slík námskeið í lok nóvember, á Dalvík og í Fjallabyggð, í samvinnu við SÍMEY.

Vegna Covid var ákveðið að fresta þessum námskeiðum fram yfir áramót. Þau verða auglýst á ný þegar búið verður að finna námskeiðunum nýjar dagsetningar.

Skráning mun fara fram í gegnum heimasíðu SÍMEY, www.simey.is

Námskeiðin eru eingöngu fyrir félagsmenn í Einingu-löju og er þeim að kostnaðarlausu.

Námskeiðið í Fjallabyggð verður í sal félagsins í Fjallabyggð en námskeiðið á Dalvík verður í námsveri SÍMEY. Bæði námskeiðin munu standa yfir í tvo daga og verða á milli kl. 16:30 og 20:00.

Fjölbreytt dagskrá hefur verið í boði á þessum námskeiðum. Hér má sjá fyrirlestrana sem



búið var að skipuleggja fyrir námskeiðin sem áttu að vera í nóvember.

Eining-löja, félagið okkar við starfslok.

Björn formaður Einingar-löju og Anna varaformaður.

Andlegar og félagslegar hliðar þess að hætta að vinna. Kristján Már Magnússon sálfræðingur

Stapi – lífeyrissjóðsmál. Jóna Finndís Jónsdóttir og Kristín Hilmarsdóttir frá Stapa lífeyrissjóði.

Heilsuefandi fyrirlestur. Sonja Sif Jóhannsdóttir íþróttifræðingur.

Almannatryggingar og lífeyrismál. Fulltrúi frá sýslumanni.

Kynning frá félögum eldri borgara í Fjallabyggð og frá félögum eldri borgara á Dalvík.

Sveitarfélagið Fjallabyggð, kynning á félagsstarfi eldri borgara.

Dalvíkurbyggð, kynning á félagsstarfi eldri borgara.

SÍMEY hver erum við - hvað gerum við? Fulltrúi frá SÍMEY.



VIÐ ÓSKUM NORÐLENDINGUM OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.

Gledileg jól



Þórstíg 4 • 600 Akureyri • Sími 460-5720 • simey.is

Miscellaneous information

Why have Trade unions?

The role of trade unions is first and foremost to conduct negotiations on wages and other work-related conditions in the agreements on behalf of their members and to look after their interests on the labour market.

MAKE SURE THAT YOUR RIGHTS ARE IN ORDER

PLEASE NOTE! It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-löja, tel. 460 3600 – ein@ein.is, if you need assistance. www.ein.is

www.ein.is is in 12 languages

By using the Google translation button, which has been placed at the top right of the union's website www.ein.is, it is possible to view the site in 12 languages. Once you have selected a language, all the text that can be found on the website in the relevant language will be displayed.

English and Polish versions of the main collective agreement between SGS and SA

SGS commissioned the translation of the main SGS and SA collective agreement into English and Polish. Translations can be found on the Eining-löja trade union's home page. It is worth noting that in the aforementioned translations, at the top of each page, there is a reservation that in the event of a conflict, the original of the main collective agreement in Icelandic will always be considered valid.

We hope that the collective agreement between SGS and SA on the catering, hospitality and service industries will be ready for publication in English and Polish in the coming weeks.

These translations of the main collective agreement are aimed at providing more information and increasing the range of services provided by SGS to our numerous members of foreign origin. We hope that in this way many of them will be better informed about their rights.

December bonuses

Eining-löja reminds its members that, according to their employment contracts, they are entitled to a December bonus. The amount varies, depending on contract specifications and the period defined as full-time employment. The bonus is to be paid as a single sum and is without the addition of a holiday bonus.

According to the wage contract concluded

with the Municipal Wages and Salaries Commission, the December bonus is kr. 121,700.

According to Eining-löja contracts with the State, the December bonus is kr. 96,000.

According to Eining-löja contracts on the general labour market, the bonus is kr. 96,000.

State employees are to receive their December bonuses on 1 December, employees on the general labour market on 15 December and municipal employees are to be paid their bonuses in December, in accordance with the appropriate wage and salary contracts.

Winter rental of holiday chalets

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Eining-löja that they have six good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley, Tjarnargerði in the district of Eyjafjarðarsveit, Svignaskarð in Borgarfirði and Einarstaðir in Fljótshálsa as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík/Kópavogur. The autumn and winter rents cover the period from 1 September to 1 June.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Health fund

The right to get payments from the union's health fund is based on the payments to the Union. For example it is possible to get payments for the care of children with long term illnesses or disabilities. You can get payments because of a severe illness of your spouse, because of medical massage or physiotherapy, cancer prevention, membership in a gym, hearing devices, glasses and so on. The highest amount to be paid for the funeral of a 100% paying and valid member is about kr. 400,000.

The payments for the membership in a gym are about 35% of the bill, highest kr. 23,000 every calendar year. The payments for eyeglass lenses are also about 35% of the bill, highest kr. 50,000 every three years. Payments for buying hearing devices are also 35% of the bill, highest kr. 60,000 every three years.

Please remind!

Meetings of the administrative council of the health fund Eining-löja is held once a month. Cases which have to be decided about in the meeting have to be brought to the office at last every 24th of each month. Requests for all payments of the health fund are decided in the board meeting for example daily benefits, payments for physiotherapy, massage, cancer prevention and every other help paid by the rules of the fund.

Study grants!

In winter, schools in Iceland often offer numerous courses of varying length for Eining-löja union members. The possibilities of study are almost unlimited and Eining-löja urges its members who are planning to take courses this winter to obtain information regarding their right to individual grants by means of the education funds Landsmennt (landsmennt.is), Sveitamennt (sveitamennt.is) and Ríkismennt (rikismennt.is).

A union member in full time employment is entitled to a grant totalling kr. 130,000 per year although it should be kept in mind that the grant covers a maximum of 75% of the total cost of each course. State employees are entitled to a 90% refund of total cost when engaged in studies that have direct professional relevance to their work.

Members who have not used their right of fund for the last three years, are entitled to a grant of up to 390,000-for one continuous study/course compared to the Fund's policies.

Travel costs for the study can most become 130,000-as part of the training/course cost in this case.

Grants for Icelandic language study

Members who have a different native language can apply for a refund of up to 75% (Landsmennt) or up to 90% (Ríkismennt and Sveitamennt) for the cost of an Icelandic language course, providing they have been members for at least 1 month.

Launahækkannir næsta árs

Eining-löjja hvetur launafólk til að fylgjast vel með hvort næstu launahækkannir skili sér rétt og örugglega í launumslagið. Laun og launatengdir liðir skv. nógildandi kjarasamningum munu hækka sem hér segir:

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði

Þann 1. janúar 2022 hækka kauptaxtar á almenna markaðinum um kr. 25.000 og almenn mánaðarlaun fyrir fullt starf hækka um kr. 17.250. Aðrir kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 2,5% á sömu dagsetningu. Einnig hækka lágmarkstekjur fyrir fullt starf og verða 368.000 kr. á mánuði fyrir fullt starf frá 1. janúar 2022.

Starfsfólk sveitarfélaga

Þann 1. janúar 2022 hækka kauptaxtar hjá sveitarfélögum um kr. 25.000.

Starfsfólk ríkisins

Þann 1. janúar 2022 hækka kauptaxtar hjá ríkinu um kr. 17.250.



Hagvaxtarauki

Í samningunum segir að á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launauki á grundvelli þróunar vergrar landsframléiðslu á hvern íbúa. Útreikningur launaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframléiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaukinn bætist bæði við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Taflan hér fyrir neðan sýnir fjárhæð launaukans og forsendur hans.

Við ákvörðun launauka vegna áráanna 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðra bráðabirgðatölna fyrir þau ár sem lögð hafa verið til grundvallar við útreikning launaukans. Launaukinn greiðist 1. maí.

Launa- og forsendunefnd aðila ákvarðar fjárhæð launaukans verði tilefni til greiðslu hans.

Nýjasta þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands gerir ráð fyrir 4 prósentu hagvexti á þessu ári eftir 6,5 prósentu samdrátt á árinu 2020. Þrátt fyrir að landsframléiðsla í lok ársins verði minni en hún var í lok árs 2019 verða laun hækkuð í maí á næsta ári, líklega um 13 þúsund krónur, vegna ákvæðis um hagvaxtarauka. Hagvaxtaraukinn leggst ofan á hækkanir um næstu áramót.

Félagið hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með á launaseðlinum hvort þessar launahækkannir skili sér ekki alveg örugglega til þeirra.

Verg landsframléiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 - 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 - 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 - 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 - 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

Frábær jólagjöf!



Eitt kort
36 vötn
8.900 kr



www.veidikortid.is

veidikortid.is

Óskum viðskiptavínum okkar
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Strandgötu 3 - Sími 440 2370

Eldri félagsmenn á ferð

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga var farin 24. júní sl. Tæplega 100 manns lögðu af stað í tveimur rútum frá Alþýðuhúsinu á Akureyri kl. 9:00 í sól og blíðu.

Að þessu sinni var farið austur í Bárðardal. Eftir stutt stop í Fosshól var ekið fram í Svartárkot og staldrað þar við í góða stund. Sumir nýttu tímann og keyptu taðreyktan silung sem reyktur er í torfkofa á staðnum. Þaðan var farið upp í Mývatnssveit og snæddur hádegisverður á Sel Hótel Mývatn.

Að hádegisverði loknum var farið hringur í Mývatnssveit og svo ekið eins og leið lá að Þeystareykjum þar sem var stoppað og m.a. kíkt á mjög svo skemmtilegt listaverk, Römmuð sýn eftir Jón Grétar Ólafsson, en verkið mótar Ísland úr norðlensku stuðlabergi og er umlukkið óreglulegum hraunhellum sem mynda tengingu við jarðhitasvæði og náttúru Þeystareykja.

Eftir gott stop var ekið til Húsavíkur þar sem ferðalangar höfðu frjálstan tíma í um klukkustund til að ganga um bæinn og skoða það sem fyrir augu bar í frábæru veðri.

Að lokum var farið til Akureyrar með kaffiviðkomu, önnur rútan stoppaði í Dalakofanum og hin á Hótel Laugum.

Leiðsögumenn voru þau Helga Sigurðardóttir og Óskar Þór Halldórsson og var í lokin klappað fyrir þeim og frábærum bílstjórum ferðarinnar. Óhætt er að segja að ferðin hafi verið frábær í alla staði.

Fleiri myndir úr ferðinni má finna í myndasafninu á heimasíðu félagsins, www.ein.is



Nokkrar vísur úr dagsferðinni

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga var farin 24. júní sl. Hér á eftir má finna nokkrar vísur sem einn ferðalanga, Davíð Hjálmar Haraldsson, setti saman af því tilefni.

Á austurleið lýsti leiðsögumaður hallandi berglögum við Eyjafjörð og hvernig þungi ísaldarjökulsins mótaði landið.

Fyrrum á tímum þá Ísland var ungt og ísbirnir fæddu hér húna var hafisafargið svo ferlega þungt að fjörðurinn snarhallast núna.

Áður en lagt var af stað frá hverjum áningarstað, taldi fararstjóri farþegana (sem sátu tveir og tveir saman) í bílnum.

Við sátum þétt sem söngfuglar á grein á siberiukvisti eða þyrni en Ein og ein og Ein og ein og Ein var ævinlega talningin hjá Birni.

Helga leiðsögumaður reyndist óþrjótandi fróðleiksnáma. Hún vissi bókstaflega allt um jarðfræðina hvar sem farið var og var ekki sýn á fróðleiksmola.

Í Bárðardal finnst blágrýti og brúnkol dreift um sandinn og gabbbró, túff og grágryti og gull og allur fjadinn.

Farið var í kaffi á Laugum, þá rifjaði leiðsögumaður upp hvernig Björn formaður var í viðvarandi söngkennslu hjá Fikka forðum daga.

Í hlað á Laugum rútan renndi og rifjuð voru upp kvöldin löng þegar Fikki kenndi og kenndi og kenndi Birni söng.

Í lok ferðar þakkaði formaður góða þátttöku og lýsti helstu vandamálum við skipulag svona ferða.

Að ferðast þegar fólk er störfum er frelsandi og sinnir andans þörfum og Eining gleðst þó geti fylgt sá vandi að gamlingjarnir eru sípissandi.

-DHH

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



NORÐJENSKA



AKUREYRAR APÓTEK

nettó

tréverk ehf.

Grundargötu 8-10 - Dalvík - Sími 466 1250



form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI VIÐMÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099



BÓKHALDS-
ÞJÓNUSTAN
HRINGUR

SBA-NORÐURLEIÐ



STRIKIÐ

RESTAURANT & BAR



DALVÍKURBYGGÐ



RAFEYRI
alltaf í stúdi!
LOGGILTIR RAFFVERKTAKAR

GALLUP
TIL AÐ VERA VISS



SAMHERJI HF

Deloitte.



Alþýðusamband Íslands



EYJAFJARÐARSVEIT



Svalbarðsstrandarhreppur



Grýtubakkahreppur



Tanni ferðaþjónusta ehf



Þínar þarfir - okkar þjónusta

Różne informacje

Rolą związków zawodowyc

Rolą związków jest przede wszystkim negocjowanie w imieniu swoich członków umów zbiorowych w których określone są zasady wynagrodzeń i warunków pracy, a także czuwanie nad ich interesami na rynku pracy.

Strona jest w 12 językach

Za pomocą przycisku tłumaczenia Google, który został umieszczony w prawym górnym rogu strony internetowej firmy www.ein.is, możliwe jest przeglądanie strony w 12 językach. Po wybraniu języka wyświetlany jest cały tekst, który można znaleźć na stronie internetowej w odpowiednim języku.

Angielska i polska wersja głównej umowy zbiorowej SGS i SA

SGS zlecił przetłumaczenie głównej umowy zbiorowej SGS i SA na język angielski i polski. Tłumaczenia znajdują się na stronie domowej związku zawodowego Eining-Iðja. Warto zaznaczyć, że w wyżej wymienionych tłumaczeniach, w górnej części każdej strony, umieszczono zastrzeżenie, że w przypadku zaistnienia konfliktu oryginał głównej umowy zbiorowej w j. islandzkim będzie zawsze uważany za obowiązujący.

Mamy nadzieję, że umowa zbiorowa SGS i SA dot. branży gastronomicznej, hotelarskiej i usługowej, będzie gotowa do publikacji w języku angielskim i polskim w nadchodzących tygodniach.

Te tłumaczenia głównej umowy zbiorowej mają na celu dostarczenia większej ilości informacji oraz zwiększenie zakresu usług świadczonych przez SGS dla naszych licznych członków obcego pochodzenia. Mamy nadzieję, że w ten sposób wielu z nich będzie lepiej poinformowanych o przysługujących im prawach.

Dodatek grudniowy (swiateczny) 2021 (Desemberuppbót)

Związek zawodowy "Eining-Iðja" pragnie przypomnieć swoim członkom, że zgodnie z umowami o pracę mają oni prawo do wypłaty specjalnego dodatku do pensji grudniowej. Wysokość specjalnego dodatku do pensji grudniowej zależy od:

- a) zapisów szczegółowych w umowach zbiorowych
- b) stażu pracy
- c) wymiaru godzin w jakich pracownik jest zatrudniony (tzn. np. 100% etatu, 50% etatu, 75% etatu itd.)

Wyżej wymieniony dodatek ma być wypłacony jednorazowo w całości, ale nie jest do niego doliczany dodatek urlopowy (orlof) tak jak do innych wynagrodzeń za pracę.

Wysokość specjalnego dodatku grudniowego w oparciu o umowy zbiorowe zawarte z przedstawicielami komisji do spraw wynagrodzeń

utworzonych przez zarządy lokalne wynosi 121.700 koron natomiast umowy zawarte między przedstawicielami związków zawodowych "Eining-Iðja", a przedstawicielami rządu, zgodne z umowami zbiorowymi obowiązującymi na powszechnym rynku pracy, zapewniają wypłatę specjalnego dodatku grudniowego w wysokości 96.000 koron islandzkich.

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być wypłacony nie później niż do 15 grudnia. Wszystkim pozostałym, włącznie z pracownikami pracującymi dla zarządów lokalnych powyższy dodatek ma być wypłacony w grudniu zgodnie z obowiązującymi ich przepisami wynikającymi z umów o pracę w danym sektorze zatrudnienia.

Fundusz chorobowy

Prawo do wypłat z funduszu chorobowego zależy od płacenia składek związkowych. Wypłaty mogą dotyczyć m.in.: przewlekłych chorób dzieci, lub dzieci poważnie upośledzonych, poważnej choroby współmałżonka, wizyt u masażysty i fizykoterapeuty zaleconych przez lekarza, profilaktycznych badań antyrakowych, dopłat do karnetów na siłownię, kupna aparatu słuchowego i szkieł do okularów oraz wielu innych. Zasiłek pogrzebowy pełnoprawnego członka związku opłacającego składki wynosi 400.000 kr. Dopłata do karnetu na siłownię wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 23.000 koron w każdym roku kalendarzowym. Dopłata przy kupnie szkieł do okularów wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 50.000 koron co 3 lata. Dopłata przy kupnie aparatu słuchowego wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 60.000 koron co 3 lata.

Proszę zwrócić uwagę !

Zebranie zarządu funduszu chorobowego związku Eining-Iðja odbywa się raz w miesiącu. Dokumenty, które mają być przedstawione na zebraniu muszą być dostarczone nie później niż 24 dnia danego miesiąca. Podania o wszelkiego rodzaju dofinansowania z funduszu chorobowego, zgodnie z regulaminem funduszu są rozpatrywane na wyżej wymienionym zebraniu (dot. podań o zasiłki chorobowe, refundacje kosztów fizykoterapii, masaży, profilaktycznych badań antyrakowych oraz wszelkich innych wymienionych wcześniej).

Pamiętajcie o dofinansowaniu na nauce!

Eining-Iðja zachęca swoich członków zamierzających uczeszczać na kursy dokształcające, aby sprawdzili swoje prawa do dofinansowania w funduszach naukowych, których członkiem jest związek: Landsmennt (www.landsmennt.is) - Krajowy Ośrodek Doksztalcania, Sveitamennt (www.sveitamennt.is) - Regionalny Ośrodek Doksztalcania i Ríkismennt

(www.rikismennt.is) - Rządowy Ośrodek Doksztalcania.

Landsmennt jest funduszem na doksztalcanie się stworzony przez związki zawodowe i pracowników fizycznych na terenie całego kraju. Członkami (21) są związki zawodowe należące do Federacji Związków Zawodowych. Ríkismennt to fundusz badawczy pracowników rządowych na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS (Starfsgrainasambands Íslands). Sveitamennt jest funduszem pracowników administracji regionalnej na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS.

Członkowie pracujący na pełnym etacie mają możliwość jednorazowego dofinansowania w wysokości 130.000 przez Landsmennt, przez Ríkismennt i Sveitamennt. Landsmennt, Sveitamennt i Ríkismennt pokrywa do 75% kosztów kursu.

Kursy języka islandzkiego

Członkowie związków, których językiem ojczystym nie jest język islandzki mogą ubiegać się o dofinansowanie kursu języka islandzkiego w 75%, po miesiącu członkostwa w związkach. Ci którzy należą do Ríkismennt lub Sveitamennt mogą starać się o 90% dofinansowanie 150-godzinnego kursu języka islandzkiego po 3 miesiącach członkostwa.

Wynajmowanie domków wypoczynkowych w okresie zimowym

Członkom związku zawodowego "Eining-Iðja" oferuje się możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych w okresie pozaurolopowym; tzn. poza okresem letnim oraz jesiennym czyli między 15 września a 1 czerwca każdego roku.

Do wyboru są domki wypoczynkowe w:

- 1) Illugastaðir w Fnjóskadal
- 2) Tjarnagerði w Eyjafjarðarsveit
- 3) Svignaskarð w Borgarfjarðar
- 4) Einarsstaðir w Fljótsdalshérað
- 5) a także mieszkanie pozostające w dyspozycji naszego związku w Hofuðborgarsvæðið (Reykjavík, Kópavogur).

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12-dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy – obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Uwaga, uwaga!

Proszę pamiętać, że zawsze można zwrócić się do męża zaufania w zakładzie pracy, a także bezpośrednio do naszego związku "Eining-Iðja" numer telefonu 460 3600 ein@ein.is, jeśli zaistnieje taka konieczność.

Desemberuppbót 2021



Eining-Iðja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppbótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er kr. 96.000,

miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppbót greidda 1. desember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga er kr. 121.700, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppbót greidda 1. desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppbótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Nýtt hús í Svignaskarði

Í haust ákvað stjórn félagsins að fjárfesta í nýju orlofshúsi í Svignaskarði í Borgarfirði, en fyrir á félagið eitt hús á svæðinu. Húsið var keypt fullbúið að utan var og pallurinn klár, einungis átti eftir að vinna í því að innan. Áætlanir gerðu ráð fyrir að húsið yrði tilbúið í nóvember og að það færi í útleigu í lok nóvember eða byrjun desember.



ber. Það gekk eftir og fékk félagið húsið afhent í nóvember og er það tilbúið til útleigu.

Nýja húsið er 40 cm breiðara en það eldra, að öðru leiti er það svo að segja alveg eins. Húsið er því um 80 fermetrar að stærð með öllum helstu þægindum, stórum palli og að

sjálfsögðu er heitur pottur við húsið. Svefnherbergi eru þrjú, tvö hjónaherbergi og í báðum er tvíbreitt rúm og eitt herbergi með koju á þremur hæðum, neðsta kojann er 120 cm en tvær efri eru eitthvað mjórri. Svefnpláss er fyrir átta manns. Eldhús og stofa eru í sama rýminu.



Viðhorfskönnun meðal dvalargesta í orlofshúsum og íbúðum



Fyrir tveimur árum ákvað stjórn félagsins að kanna meðal félagsmanna, sem voru í íbúð eða í orlofshúsi um sumarið, upplifun þeirra á viðkomandi stað. Mjög góð svörun hefur borist síðustu tvö ár og bærust bæði margar ábendingar og hrós til félagsins. Því ákvað stjórn félagsins að vera með þær árlega og liggja niðurstöður ársins nú fyrir og fengust sem áður góðar upplýsingar.

Í heild komu niðurstöðurnar vel út. Auðvitað koma alltaf ein og ein ábending um eitthvað sem má laga og nú þegar er búið að bregðast við ýmsu er þar kom fram.

Öll svör í þessum könnunum eru órekanleg og ekki er óskað eftir persónuupplýsingum.

Stjórn félagsins þakkar þeim félagsmönnum sem gáfu sér tíma til að senda inn svör og hjálpa þannig til við að bæta starfseminu.

Fjölbreytt nám í boði í SÍMEY

Í síkvikum og breytilegum heimi er menntun af ýmsum toga æ mikilvægari. Þjóðfélagið hefur smám saman orðið flóknara og sérhæfðara sem krefst í senn sérhæfðari þekkingar og breiðari kunnáttu starfsfólks. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar leggur áherslu á að koma til móts við þarfir almennings og atvinnulífsins í þessum efnum. Miðstöðin starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu og er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

SÍMEY hefur starfað á þriðja tug ára og hefur í öll þessi ár haft það að leiðarljósi að efla símenntun fólks á starfssvæðinu, að fólk hafi aðgang að hagnýtu og góðu námi á öllum skólastigum. Þetta meginmarkmið hefur ekki breyst í tímans rás en leiðir að því marki hafa vissulega breyst í takti við t.d. tæknibreytingar. Fyrir nokkrum árum var nánast allt námsframboð í staðnámi, bæði í höfuðstöðvum SÍMEY við Þórsstíg á Akureyri, starfsstöð SÍMEY á Dalvík og víðar, en þetta hefur breyst mjög á undanförmum árum. Í auknum mæli er nám, bæði á lengri námsbrautum og styttri námskeiðum, veflægt. Þetta auðveldar fólki að sækja sér þá þekkingu sem hugur þess stendur til óháð búsetu. Að sönnu er þetta byltingarkennd breyting en aðeins byrjunin. Tækninni fleygir fram og víst má telja að á komandi árum verði frekari skref tekin í þessum efnum.

SÍMEY hefur sannarlega mikilvægu hlutverki að gegna við að hækka menntunarstig á starfssvæði miðstöðvarinnar. Starfsfólk býr yfir mikilli þekkingu og reynslu og leggur sig fram um að þjónusta fólk eins vel og þess frekast er kostur. Það er gömul saga og ný að fyrir marga sem ekki hafa setið lengi á skólabekk er oft stærsta



Húsnæði Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar við Þórsstíg á Akureyri.

hindrunin í því að hefja aftur nám að taka skrefið, að láta slag standa. Þegar síðan námið er hafið skilur fólk ekkert í því af hverju það hefur ekki fyrir lifandi löngu drifið sig í nám.

SÍMEY er með fjölbreytt námsframboð, bæði lengri námsbrautir og styttri námskeið, og vert er að undirstrika að félagsmenn margra stéttarféлага, þar á meðal Einingar-löju, geta fengið styrki frá þeim og fræðslusjóðum til þess að stunda nám sitt.

Auk námsbrauta sem byggja á námsskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og styttri námskeiða hefur SÍMEY lengi boðið upp á íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna og einnig er lögð áhersla á að veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum alhliða þjónustu þegar kemur að starfsþróun og sí- og endurmenntun. Og ekki má gleyma raunfærnimati sem löng hefð er fyrir að SÍMEY bjóði upp á. Í

því fellst að metin er samánlögð færni einstaklings, þar með talin starfsreynsla, starfsnám, frístudanáam, skólanám, félagsstörf og fjölskyldulíf. Út úr raunfærnimati kemur staðfesting og mat á raunfærni einstaklingsins, færni hans og þekking er dregin saman á einn stað sem síðan er hægt að meta á móti formlegu námi eða kröfum atvinnulífsins. Engin starfsgrein er SÍMEY óviðkomandi í þessum efnum og reynslan hefur sýnt að raunfærnimati er ómetanlegt tæki fyrir fólk hafi það áhuga á að stíga skref í átt að frekari þekkingaröflun og styrkja þannig stöðu sína á vinnumarkaði.

Allar upplýsingar um það sem SÍMEY stendur fyrir eru aðgengilegar á heimasíðu miðstöðvarinnar – www.simey.is og auk þess er starfsfólk SÍMEY fúst að veita allar upplýsingar og leggja fólki lið á allan hátt.



Nemendur á námskeiðinu „Íslenska sem annað mál“ í SÍMEY.

Verðlagseftirlit ASÍ



Á heimasíðu ASÍ segir að markmið verðlagseftirlitsins sé annars vegar að auka upplýsingastreymi til neytenda og efla þannig neytendavitund og hins vegar að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald. Megináhersla í störfum verðlagseftirlitsins hefur verið lögð á að skoða matvöru-markaðinn en einnig hefur sjónum verið beint að ýmsu öðru sem viðkemur þyngru neytenda.

Verðlagseftirlitið hefur sett sér verklagsreglur við framkvæmd verðkannana sem tryggja gegnsæi og samræmi í starfsemi og má finna þær á heimasíðu ASÍ. Reglurnar voru samþykktar í miðstjórn ASÍ í maí 2009. Í þeim segir m.a. að Verðlagseftirlitið gæti fyllsta hlutleysis við öflun upplýsinga, úrvinnslu og birtingu verðkannana og að Verðlagseftirlitið byggir niðurstöður sínar eingöngu á þeim upplýsingum sem aflað er af starfsfólki þess.

Tiðindamaður blaðsins heyrði í Auði Ölfu Ólafsdóttur, verkefnastjóra Verðlagseftirlits ASÍ, og fékk frá henni nokkur orð um starfið.

- Af hverju er ASÍ með verðlagseftirlit og síðan hvenær?

Verðlagseftirlit er gríðarlega mikilvægt enda eru neytendur og launafólk sitthvor hliðin á sama peningnum. Rétt eins og það skiptir máli að launafólk fái sanngjörn og mannsæmandi laun skiptir máli að eitthvað fái fyrir launin. Þannig erum við í raun að berjast fyrir aukinni hlutdeild launþega af kökunni frá báðum hliðum, sem starfandi fólk hjá fyrirtækjum og sem neytendur í viðskiptum við fyrirtæki. Íslenskt efnahagslíf einkennist af sveiflum og óstöðugleika, háu vaxtastigi og tíðum verðhækkunum auk þess sem fákeppni ríkir á ýmsum mörkuðum. Verðlagseftirlit er mjög mikilvægt í slíku umhverfi en meginmarkmið þess er að auka upplýsingastreymi til neytenda og efla þannig neytendavitund og hins vegar að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald.

Verðlagseftirlit á Íslandi á sér langa sögu þó verðlagseftirlit í núverandi mynd sé nýrra. Verkalýðshreyfingin hefur frá upphafi lagt áherslu á að fylgjast með verðlagi þó það hafi ekki alltaf verið gert með skipulegum hætti. Árið 1976 fjallaði Alþýðusambandið t.d. um verðlagsmál í bæklingnum „Hvað veldur?“ og hvatti stjórnvöld til að láta gera verðkannanir. Það skilaði einhverjum árangri þó þau skref sem stigin voru hafi verið langt frá óskum ASÍ.



Auður Ólafsdóttir, verkefnastjóri Verðlagseftirlits ASÍ.

Á áttunda áratugnum í kjölfar kjarasamninganna 1986 sem hafa nefndir verið fyrri þjóðarsáttin, var mikil áhersla lögð á að draga úr verðhækkunum. Verkalýðshreyfingin hóf þá átak til þess að fylgjast með verðhækkunum og setti ASÍ á fót nefnd til að hafa yfirumsjón með þessum málum í samstarfi við Verðlagsstofnun. Þessari starfsemi var haldið áfram og var því m.a. fylgt eftir að lækkan virðisaukaskatts á matvæli skilaði sér til neytenda. Árið 2001 var ákveðið að ríkisstjórnin myndi styrkja ASÍ til að halda úti verðlagseftirliti og var ráðinn verkefnastjóri til að sinna eftirlitinu. Árið 2009 voru síðan samþykktar verklagsreglur fyrir verðlagseftirliti eins og þær eru í núverandi mynd.

- Hver tekur ákvörðun, eða hvemig ákveðið þið hvað eigi að skoða og kanna?

Það sem við horfum helst til þegar við ákveðum hvaða vörur eða þjónustu við ætlum að kanna er hversu þungt það vegur í innkaupum neytenda og þess vegna erum við til að mynda með tíðar verðkannanir á matvöru. Þá horfum við líka stundum til þess samfélagsmæðunar

þannig ef mikil umræða hefur verið um einhvern markað grípum við stundum tækifærið og könnum verð á þeim markaði eða þeirri vöru og þjónustu sem er til umræðu. Auk matvöru hefur verðlagseftirlitið lagt áherslu á að kanna verð á ýmsum öðrum liðum sem veita þungt í útgjöldum heimilanna. Þar má nefna bankakostnað, vexti, tryggingar, lyf og opinber gjöld eins og fasteignagjöld, leikskólagjöld og dagvistunargjöld fyrir dvöl á fríundaheimilum.

Ég tek ákvarðanir um hvað er kannað hverju sinni en ég fæ stundum ábendingar frá almenningsi eða fólki úr hreyfingunni um markaði sem það telur að þörf sé á að skoða. Þá gerum við stundum úttektir eða skrifum umfjallanir sem eru einskonar tilbrigði af verðkönnunum eða áframhald af þeim. Sem dæmi um slíkt er þegar við skoðum hvað mætti spara með því að ferðast með mismunandi samgöngumátum, umfjöllun um hvaða hópar tilheyra forgangshópum sveitarfélaganna og geta fengið afslátt af leikskólagjöldum og skóladagvistunargjöldum.

- Finnst þér fyrirtækin reyna að taka sig á ef þau koma illa út í könnun?

Já ég hef oft orðið vör við breytingar á verðlagningu hjá fyrirtækjum í kjölfar verðkannana hjá okkur. Stundum er um tímabundnar breytingar að ræða sem ganga til baka eða tilboð en í einhverjum tilfellum hafa verslanir breytt um verðstefnu til frambúðar.

Þetta eru auðvitað dæmi um miklar og sýnilegar lækkanir á verði á vöru og/eða þjónustu en verðkannanir veita fyrirtækjum og stofnunum einnig nauðsynlegt aðhald sem kemur í veg fyrir óhóflegar verðhækkanir. Verð lækkar því ekki alltaf en það hækkar minna en það hefði ef eftirlitið væri ekki til staðar. Aðhaldið liggur í raun í ákvörðunum viðskiptavina sem geta stuðst við upplýsingar úr verðkönnunum verðlagseftirlitsins við ákvarðanatöku.

Þegar neytendur hafa takmarkaðar upplýsingar um verð og eiga erfitt með að gera verðsamanburð dregur það úr samkeppni. Þetta birtist með skýrum hætti á banka og tryggingamarkaði þar sem það er nær ómögulegt fyrir neytendur að bera saman verð hjá aðilum á sama markaði sem gerir það að verkum að þeir færa sig síður á milli fyrirtækja og samkeppni á viðkomandi markaði er minni.

- Þið hélduð málþing um samkeppnis- og neytendamál með Neytendasamtökunum í október, hvemig gekk það?

Þetta er í annað sinn sem verðlagseftir-

Að fá sem mest fyrir matarpeningana:

Fleira er matur en feitt ket

lit ASÍ og Neytendasamtökin taka höndum saman og standa sameiginlega að málþingi. Árið 2019 héldum við málþing sem bar yfirskriftina „Af hverju er verðlag á Íslandi svona hátt.“ Það málþing var afar vel sótt og vakti mikla athygli og umræðu í samfélaginu.

Þann 26. október héldum við málþing um samkeppnis- og neytendamál undir yfirskriftinni – „*Eru Íslendingar lélegir neytendur?*“.

Samkeppnis- og neytendamál eru gríðarlega mikilvægir málaflókkar fyrir vinnumarkað, atvinnulíf, viðskipti, verðlag, jöfnuð og lífskjör. Markmið fundarins var því að varpa ljósi á hvað megi betur fara í þessum málum hér á landi og var sjónum því beint að hlutverki, stöðu og umhverfi þeirra opinberu stofnanna og félagsamtaka sem fara með málaflókkana hér á landi. Mikil hefur verið deilt um starfsemi Samkeppniseftirlitsins og hafa ýmis öfl talað fyrir veikingu þess sem myndi hafa í för með sér aukinn ójöfnuð og kjaraskerðingu fyrir íslenskan almenning auk þess að veikja atvinnulíf og vinnumarkað. Sama má í raun segja um Neytendastofu en nýlega voru gerðar breytingar á lögum um stofnunina og ekki liggur fyrir hver framtíð starfsemi stofnunarinnar verður sem snýr að eftirliti með réttmætum viðskiptaháttum. Samlegðaráhrif samkeppni á markaði og neytendaverndar eru mikil og er það almanna-hagsmunamál og kjaramál að þær eftirlitstofnanir sem vinna að þessum málum séu öflugar.

Rauði þráðurinn í erindum á fundinum sem og í pallborðsumræðum var mikilvægi þessara stofnanna fyrir lífskjör hér á landi, ekki síst vegna smæðar landsins og fákeppni sem hér ríkir. Framsögumenn voru sammála um að margt mætti gera betur í þessum málum og að styrkja og efla þurfi þær stofnanir sem sinna þessum málum. Í dag hafa stofnanirnar bolmagn til að sinna nauðsynlegu eftirliti sem dregur úr jákvæðum áhrifum á lífskjör og hagsæld hér á landi.

Þá var komið inn á stöðu þessara mála í öðrum löndum og erum við eftirbátar nágrannalöndanna hvað varðar stuðning við og fjármögnun stofnana og félagsamtaka sem fara með þessi mál þar. Þá má draga lærdóm af stöðunni í öðrum löndum. Í því samhengi má nefna að vísbendingar eru um að skortur á samkeppni og aukin samþjöppun hafi aukið aðgangshindranir í Bandaríkjunum og álagningu fyrirtækja. Þá hafa arðgreiðslur



fyrirtækja aukist síðustu áratugi en kaupmáttur almennings minnkað auk þess sem vísbendingar eru um að aukin samþjöppun hafi haft neikvæð áhrif á fjölgun starfa þar í landi.

- Hefur Covid eitthvað breytt ykkar starfi eða háttum?

Ekki í grunninn en við höfum auðvitað fylgst náið með verðþróun í faraldrinum og haldið áfram að framkvæma verðkannanir á vöru og þjónustu sem vegur þungt í útgjöldum. Þá hefur mikil fjölmiðlaumfjöllun verið um verðlag í faraldrinum og við höfum verið virk í að greina stöðuna, koma okkar sjónarmiðum á framfæri í fjölmiðlum og benda á mikla veltuaukningu hjá verslun og fleiri jákvæða þætti í rekstrarumhverfi fyrirtækja sem ættu að gera þeim kleift að halda aftur af verðhækkunum. Umræða um efnahagsmál og verðlag er stundum föst í gömlum hjólförum og mætti vera dýpri við höfum reynt að útvíkka umræðuna þannig og taka fleiri þætti inn í myndina í samhengi við verðlagsþróun.

- Ekki alltaf allir sáttir við ykkur? Ekki alltaf allir með!

Í langflestum tilfellum er okkur vel tekið þegar okkar fólk mætir í verslanir til að taka niður verð en inn á milli eru verslunareigendur sem vilja ekki taka þátt og vísa verðtökufólki frá og meina þeim að taka niður verð. Það er miður enda eru verðupplýsingar opinberar upplýsingar sem allir geta nálgast og okkar vinna snýst bara um að safna þeim saman fyrir neyt-

areigendur vantreysti ferlinu og taki þess vegna ekki þátt og byggir það oft á vanþekkingu á verklagi eftirlitsins. Þá leggjum við áherslu á að vera tilbúin til samtals, fara yfir verklagsreglur og af hverju þær eru eins og þær eru ef þörf er á eða þess er óskað. En það eru samt alltaf einhverjir sem neita að taka þátt sama hvað. Oft eru þetta sömu aðilarnir og þeir verða að eiga það við sína samvisku og leggja það undir dóm

sinna viðskiptavina ef þeir treysta sér ekki til að upplýsa um verðlag í sínum verslunum.

- Nú eruð þið með hóp á Facebook, „Vertu á verði – eftirlit með verðlagi“. Eru margir í hópnum, er hann virkur, eru margir að koma þar inn með ábendingar, hvað er gert með þær?

Árið 2019 stofnuðum við þennan Facebook hóp með það að markmiði að virkja samtakamátt neytenda og auka aðhald til fyrirtækja með þessum vettvangi þar sem fólk getur sett inn innlegg um verðlag. Innleggjin eru margskonar, ábendingar um verðhækkanir, hátt verðlag og þá má auðvitað einnig benda á það sem vel er gert og ef fólk er ánægt með verðlag í verslunum enda er ekki síður mikilvægt að benda á það sem vel er gert og skapa þannig hvata fyrir fyrirtæki til að standa sig vel.

Íslendingar tóku vel í stofnun hópsins og hefur hann vaxið stutt og stöðugt en meðlimir hópsins í dag eru um 11.500 talsins. Meðlimir hópsins eru mjög virkir og hefur umræða í hópnum oft ratað í fjölmiðla. Hópur sem þessi er mikilvæg viðbót við það aðhald sem verðkannanir verðlagseftirlitsins veita. Þrátt fyrir öflugt verðlagseftirlit getum við aldrei fylgst með öllu alltaf og er því mikilvægt að skapa aðhald úr fleiri áttum.

Við höldum utan um hópinn og fylgjumst með ábendingum og fáum hugmyndir að verðkönnunum og öðru tengdu neytendum sem við teljum vert að skoða nánar eða beita sér í. Verðkannanir skipa enn stóran sess í neytendaáherslum ASÍ en undanfarin ár hefur aukin áhersla verið lögð á neytendamál í víðara samhengi og eru þau orðin hluti af nefndarstarfi sambandsins. Auk verðkannana beitum við okkur fyrir bættu umhverfi á sviði neytendamála á fleiri sviðum þó margt af því tengist auðvitað verðlagi á einhvernt hátt.

Stofnun Facebook hópsins er líka liður í aukinni áherslu á upplýsingamál og að ná til fólks úr sem flestum áttum.



endur. Stundum verðum við vör við að verslun-

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits

- verkefnið framlengt til tveggja ára

Í nóvember var ákveðið að framlengja samning um þjónustu vinnustaðafulltrúa fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Verkefnið hófst sem tilrauna-verkefni 1. maí 2016 til 18 mánaða en hefur gengið það vel að það var nú framlengt í fjórða sinn. Samningurinn var nú framlengdur til tveggja ára,

þ.e. til ársloka 2023 og mun Vilhelm Adolfsson áfram sinna starfi Verkefnastjóra vinnustaðaeftirlits.

Vilhelm segir að eðlilega hafi Covid sett starfinu miklar skorður. „Það verður að segjast að eftir að Covid skall á þá hefur starfið ekki verið eins öflugt og það á að vera. Það fer núna meira fram í gegnum síma og tölvu þar sem eftirlitsferðum var sjálfhætt vegna sóttvarnaðgerða og fleira. Eftirlitsfulltrúar voru og eru núna eðlilega ekki velkomnir á alla staði vegna t.d. smithættu. Annað slagið hef ég komist á gott skrið en alltaf sleginn jafnharðan niður aftur vegna þess að ný Covid bylgja leit dagsins ljós. Ég er að fá ábendingar sem þarf að sinna og hef farið í eina og eina eftirlitsferð þar sem hægt er. Vonandi fer þessari bylgju að ljúka þannig að hægt verði að sinna eftirlitinu af fullum þunga á ný. Þörfin er greinilega enn til staðar. Það þarf líka að upplýsa launþega á vinnumarkaði um réttindi og skyldur og veita þeim upplýsingar í hvaða stéttarfélagi það eigi að leita ef eitthvað bjátar á og slíkt.“

Einn réttur – ekkert svindl!

Alþýðusamband Íslands stendur í samstarfi við aðildarsamtök sín að verkefni gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með yfirskriftinni **EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!** Vert er að benda á heimasíðu verkefnisins www.ekkersvindl.is þar sem m.a. er hægt að senda inn ábendingu eða spurningar. Athugið að farið er með allar ábendingar sem trúnaðarmál.

Eftirlitið er að skila árangri

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir að það sé ánægjulegt að þetta samstarf haldi áfram. „Það hefur sannað sig að þetta starf er nauðsynlegt því eftirlitið hefur skilað árangri. Það að svona margir aðilar standi að baki eftirlitsfulltrúans gerir eftirlitið mun öflugara en ella, þó svo að Covid hafi sett strik í reikninginn með það eins og annað. Eins og áður hefur komið fram á opinberum vettvangi þá viðgengst því miður ýmis brotastarfsemi á vinnumarkaði, ekki síst gagnvart ungu fólki og erlendu launafólki. Það er skylda okkar að sjá til þess að réttur þeirra og annarra sé virtur og það erum við meðal annars að reyna með þessu verkefni.“

Eftirfarandi 11 stéttarfélag sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra standa að verkefninu: Eining-löja, sem ber ábyrgð á verkefnastjóranum, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Byggið - Félag byggingamanna, Rafiðnaðarsamband Íslands, Aldan - stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, VM Félag vélstjóra og málmteknimanna, MATVÍS, matvæla og veitingafélag Íslands og Félag iðn- og tækni-greina.



Vilhelm Adolfsson, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits.

Kræsingar frá Ketilkaffi

Í ár fengum við Þórunni Eddu og Eyþór, sem reka Ketilkaffi í Listasafninu á Akureyri, til að gefa lesendum uppskriftir. Ketilkaffi opnaði í júní síðastliðnum. Þar er lögð áhersla á sérvalið gæðakaffi, náttúruvín, spennandi kokteila og mat gerðan úr fersku gæðahráefni, en mikið er lagt upp úr að gera sem flest frá grunni. Þau baka sitt eigið súrdeigsbrauð sem hefur hlotið mikið lof og súkkulaðiþitakökurnar eru umtalaðar. Alla daga er hægt að gæða sér á hágæða súrdeigssamlokum, nýbökðuð bakkelsi og gómsætri fiskisúpu, en oft er ýmislegt annað spennandi á matseðlinum og er um að gera að fylgja þeim á samfélagsmiðlum en þar segja þau frá því sem er í boði hverju sinni. Þessa dagana er hægt að gæða sér á ekta dönsku smurbrauði í hátíðarbúningi, en jólasmurbrauðsplattinn hefur hlotið alveg ótrúlegar viðtökur og er mjög vinsæll. Einnig verður hægt að gæða sér á ekta jólagluggi og piparkökulatte allan desember, verið velkomin á Ketilkaffi. Hægt er að finna Ketilkaffi á facebook og instagram undir @ketilkaffi.

Sitrónu- og ólífuolíukaka

Hér er uppskriftn af einni af okkar vinsælustu kökum, sitrónu- og ólífuolíukökunni. Þessi kaka er með þeim einfaldari, öllum hráefnunum er einfaldlega hellt í skál og hrært í með þísk, ekkert tilstand. En hún er ótrúlega góð enda gerð úr gæðahráefnum. Sitróna og limoncello gefa mikinn ferskleika og ólífuolían gerir kökuna dúnamjúka og að hún helst mjúk lengi.

Hráefni:

285 g ólífuolía
3 egg
Safi úr einni sitrónu
Börkur af einni sitrónu
270 g mjólk
2 tsk sitrónudropar
340 g sykurl
275 g hveiti
1½ tsk salt

60 g limoncello
½ tsk lyftiduft
½ tsk matarsódi

Stillið ofninn á 165°C. Hellið öllum hráefnum í skál og blandið saman, nóg er að nota þísk til að hræra, ekki þarf hrærivél eða handþeytara. Setjið bökunarpappír í 24 cm hringform og hellið deiginu í. Bakið í 60-65 mínútur, gott er að stinga þrjóni í miðjuna að þeim tíma liðnum og athuga hvort kakan er bökud í gegn. Hægt er að setja einfaldan glassúr eða rjómaostakrem á kökuna þegar hún hefur kólnað, en það er þó ekki nauðsynlegt, hún er góð ein og sér.

Súrdeigssnúðar

Þessir snúðar eru ótrúlega góðir en þeir taka líka langan tíma, þar sem bragðið í deiginu fær að þroskast lengi. Við mælum með að taka eina helgi í að dunda sér í þessu ásamt tilfallandi verkefnum sem sinna þarf á heimilinu.

Deig

230 g mett súrdeigsmóðir
170 g mjólk, volg
1 stórt egg
60 g smjör, við stofuhita
330 g hveiti
60 g heilhveiti
50 g sykurl
1,5 tsk salt
(3 g þurrger ef súrinn er ekki alveg nógu hress)

Fylling

160 g púðursykurl
30 g hveiti
1 msk kaniill
1 msk smjör, brætt
Salt á hnífsoðdi

Glassúr

170 g flórsykurl



20 g smjör
½ tsk vanilludropar
1-2 msk mjólk
Salt á hnífsoðdi

Aðferð

Blandið saman öllum hráefnum og hnoðið þar til þau eru orðin að klístruðum deigklumpi (2-3 mínútur í hrærivél á lægstu stillingu). Látið deigið hvílast í 20 mínútur.

Hækkið stillinguna á hrærivélinni og hrærið aftur í 3-4 mínútur eða þangað til að þýð deigkúla hefur myndast.

Leggið blautt viskastykki yfir skálina og látið hefást í fjórar klst, á klukkutíma fresti þarf að brjóta deigið saman, toga það og brjóta saman, svokölluð samansbrötsaðferð til þess að styrkja glúteínmyndunina í deiginu.

Meðan deigið er að hefást: blandið öllum innihaldsefnum í fyllinguna í skál og hrærið þangað til áferðin er eins og blautur sandur.

Þegar deigið hefur lokið hefun þarf að berja það niður og fletja það út með kökukefli, reynið að mynda réttthyrning ekki þykvari en ½ cm.

Dreifði úr fyllingunni og rúllið deiginu upp.

Skerið deigið í u.þ.b. 5 cm þykka snúða og raðið form sem búið er að smyrja með feiti. Leggið klæði yfir formið og leyfið snúðunum að hefást aftur þangað þeir verða loftkenndir (2-3 klst.) Setjið snúðana, með klæðinu yfir inn í ísskáp og geymið yfir nótt.

Stillið ofninn á 200°C, takið snúðana úr ísskápnum og leyfið þeim að taka sig á meðan ofninn er að hitna, bakið í 20-25 mínútur

Bakið þar til snúðarnir eru orðnir gylltir og náð kjarnhita 90°C. Leyfið snúðunum að kólna í 10 mínútur áður en glassúrin er settur ofan á.



Sumarfríð farið að lengjast

Þann 30. apríl sl. var síðasti formlegi vinnudagurinn hennar Möddu, Margrétar Einarsdóttur, eftir langan starfsferil hjá stéttarfélagum og lífeyrissjóðum, nú síðast hjá Einingu-löju í 24 ár. Madda var þó nýjum skráningar- og innheimtustjóra félagsins innan handar fram í ágúst. Sama dag lét Sigrún Lárusdóttir, fyrrum skrifstofustjóri Einingar-löju, einnig formlega af störfum eftir 46 ára starf fyrir Einingu-löju og Einingu þar á undan.

Á aðalfundi félagsins sem fram fór í lok apríl hafði Björn formaður m.a. eftirfarandi að segja um þessi tímamót. „Þó nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi félagsins eða eru að verða, en núna mun Sigrún Lárusdóttir skrifstofustjórinn okkar hætta eftir 46 ára starf hjá félaginu og síðar á árinu mun Margrét Einarsdóttir hætta eftir mjög langan starfstíma hjá lífeyrissjóðum og núna í mörg ár sem starfsmaður okkar. Ég ætla ekki að reyna að segja það hvað dýrmætir starfskraftar þær stóllur hafa verið okkur. Sigrún og Margrét hafið mikla þökk fyrir ykkar frábæru störf og ekki sist fyrir okkar frábæra samstarf og hvað þið bremsuðuð mig oft af þegar ég fór á of mikið flug að ykkar mati. Það verður mikil eftirsjá og missir hjá samstarfsfólki ykkar. Þið voruð límið í starfshópnum, nú er annarra að taka við keflinu. Gangi ykkur báðum vel að njóta þess að vera hættar að vinna eftir langan og oft erfiðan vinnudag.“

Tíðindamaður blaðsins settist nýlega niður með þeim og forvitnaðist um tíma þeirra hjá félaginu, sem telur nokkur ár og jafnvel aðeinsrúmlega það.

„Einu gleymi ég aldrei,“ segir Sigrún. „Það var þegar ég kom inn á skrifstofuna í fyrsta skipti eftir að ég var ráðin. Ég hafði bara sent inn umsókn, var ráðin og átti að mæta og mætti og vissi ekkert hverjir voru að vinna hjá félaginu eða neitt. Það fyrsta sem ég fékk í hendur var bók sem notuð var til að færa inn nöfn fyrirtækja og upphæðir sem þau voru að greiða til félagsins og fékk spurninguna: „Ertu með penna?“ Þarna var ég að mæta í fyrsta sinn í vinnuna og var spurð að því hvort ég væri með penna. Ég var með penna og notaði hann árum saman, þennan fina Parker-penna. Ég varð svo hissa að ég gleymi þessu aldrei.“

Hennar fyrsta verk var sem sagt að skrifa inn í þessa bók hvaða fyrirtæki væru að borga til félagsins og hve mikið í hvern sjóð: félagssjóð, sjúkrasjóð og orlofsjóð. „Svo þurfti ég að leggja saman hvern sjóð fyrir sig og auðvitað þurfti



Aðeins að máta sig við gamla bókfærslubók. Þessi er reyndar aðeins minni en sú sem Sigrún notaði hér í denn.

samtalan úr dálkunum þremur líka að passa saman við skilagreinar. Það verður nú að segjast að vinnan hafi orðið auðveldari eftir að tölvan kom til sögunnar.“

Skjárinn hér en tölvan þar!

Margrét segir þetta vera gott dæmi um breytinguna frá því þær hófu störf, „frá því að handvinna allt og í það að tölvan geri svo að segja allt. Ég byrjaði mína vegferð hjá verkalyðshreyfingunni árið 1976, hjá Lífeyrissjóðnum Sameiningu, svo hjá Alþýðusambandi Norðurlands, Trésmiðafélagi Akureyrar og Lífeyrissjóði trésmiða, löju félagi verksmiðjufólks Akureyri og Lífeyrissjóði löju, Lífeyrissjóði Norðurlands og að síðustu Einingu-löju frá árinu 1997. Mig minnir að fyrsta tölvan sem ég vann við hafi verið á sameiginlegri skrifstofu Trésmiðafélags Akureyrar og Lífeyrissjóðs trésmiða á Ráðhústorgi 2 árið 1984.“



Sigrún Lárusdóttir.

„Við höfum nú gengið í gegnum allskonar kerfisbreytingar á þessum tíma og oft þurftum við að læra algjörlega nýja hugsun í því sambandi. Til að byrja með má segja að þróun kerfanna hafi verið svoltið fálmandi, ekki alveg ljóst hvernig ætti að nálgast hagkvæmstu lausn. Það reyndi nú stundum á hausinn á manni, en það er nú bara jákvætt.“

Sigrún er fljót að jánka því. „Þetta hafa verið stöðugar breytingar, frá því í upphafi að fletta félagsmönnum í spjaldskránni yfir í að ýta á einn takka og fá upplýsingar um viðkomandi um leið. Þú varst aðeins lengur að leita þegar upplýsingar um hvern og einn félagsmann voru í spjaldskrá sem var raðað í kassa eftir stafrófsróð. Svo þurfti auðvitað að skrifa inn á hvert spjald fyrir sig þegar einhverju þurfti að breyta.“

Sigrún segir að þegar félagatalið var sett í tölvu þá þurfti auðvitað að skrá alla félagsmenn inn í kerfi sem verið var að nota sem hét Erla. „Það verður að viðurkennast að hraðinn á kerfinu var nú ekki alveg sá sami og í dag. Við vorum tengd suður á þessum tíma með félagatalið okkar, þannig að við vorum bara með skjái og lyklaborð en sjálf tölvan var fyrir sunnan. Það þýddi ekkert að setja of mikið af upplýsingum inn í einu því þá gerðist ekkert. Það þurfti bara að setja inn eina færslu, ýta á enter og bíða aðeins áður en þú gast byrjað á þeirri næstu. Ég man eftir einum á skrifstofunni sem var aðeins of hraðvirkur, ýtti ótt og titt á enter og skildi ekkert í því að ekkert gerðist.“

Aðeins of stór bók

Sigrún segir að bókfærslubækurnar hafi verið góður metri á breidd þannig að hún þurfti að vera á hjólastól til að geta rennt sér á milli dálka,

til að ná frá þeim fremsta til aftasta. „Við gáfum auðvitað út kauptaxta þá eins og nú sem Þorsteinn á skrifstofunni sá um að prenta. Hann var með vél sem prentaði þannig að út komu fjórar blaðsíður á hverju blaði. Við þurftum svo að brjóta saman blöðin, eitt og eitt í einu, og raða þessu saman þannig að þetta myndaði bók. Auðvitað þurfti líka að hefta hvert og eitt eintak í lokin. Þannig að handtökín voru mun fleiri við framleiðsluna og þínu meiri handavinna miðað við í dag þar sem segja má að nóg sé að ýta á einn takka á ljósritunarvélinni.“

Töldu peninga í umslag

Margrét segir að á fyrstu árunum þegar félagsfólk fékk einhverjar greiðslur, t.d. atvinnuleysisbætur, lífeyri og fleira þá þurfti að skrifa ávísanir. „Ekki samt til að byrja með,“ segir Sigrún, „þá vorum við bara með peninga sem þurfti að telja í umslag fyrir hvern og einn. Við vorum búin að leggja saman hve háa upphæð við þurftum og líka hve marga þúsundkalla, hundraðkalla, krónur, aurar og allt það sem við þurftum á að halda. Svo var farið með útfyllta ávísun upp í Landsbanka þar sem við fengum til baka upphæðina í peningum. Þá þurfti að telja rétta upphæð í hvert einasta umslag. Ef það hefði verið afgangur eða eitthvað ekki passað þegar því verki var lokið þá hefðum við bara þurft að byrja upp á nýtt. Svo komu ávísanir, sem var algjör bylting á þeim tíma.“ Sigrún bætti við að hún myndi reyndar ekki eftir því að það hefði verið afgangur þegar talið var í þessa umslög og tók Madda undir það.

Aðspurðar hvort nándin við félagsmennina hefði verið meiri í upphafi ferils segja þær að fólk hafi komið á skrifstofuna í allskonar erindagjörðum, bara eins og núna. Þannig að þær vilja ekki meina það. „Á þessum tíma sá félagið líka um að borga út atvinnuleysisbætur og auðvitað komu margir þegar verið var að borga þær út. Núna er ekki full forstofa af fólki eins og var þegar útborgun á atvinnuleysisbótum fór fram,“ segir Margrét.

Mesta breytingin

Þær eru sammála um að mesta breytingin hafi verið þegar tölva kom á skrifstofuna upp úr 1980. „Lífeyrissjóðurinn var með innheimtuna fyrir félagið á þeim tíma þannig að það var bara bókhaldið sem var sett í tölvu. Munurinn var gríðarlegur og ég þurfti ekki lengur að renna mér á stólnum til að ná að fylla í dálkana,“ segir Sigrún.

„Þetta var ótrúlega mikil breyting,“ segir Margrét „á ekki lengri tíma, úr blaði og penna og yfir tölvuvinnslu,“ bætur Sigrún við. „Þetta er bara ein starfsævi, erum báðar mjög ungar árin



Fjör á 1. maí.

1974 og 1976 þegar við erum að byrja,“ segir Margrét „og erum ungar enn,“ bætur Sigrún við. „Nú er verið að keyra færslur beint úr bönkunum yfir á reikninga og reikningar koma beint inn í tölvuna hjá okkur. Þannig að þetta er engin smá breyting á stuttum tíma í sögunni,“ segir Margrét.

Grunnurinn er alltaf sá sami

Hefur þjónustan breyst frá því þið voruð að byrja?

„Grunnurinn er auðvitað alltaf sá sami en umfang félagsins er mun meira í dag. Til dæmis varðandi alla styrki úr sjúkrasjóði, þá voru bara í boði sjúkradagpeningar og var reyndar í langan tíma,“ segir Sigrún, en fljótlega eftir að hún hóf störf var hún sest í stjórn sjúkrasjóðs félagsins og sat í henni allan sinn starfsferil og sem formaður hennar í lengstan tíma. „Svo eru það orlofshúsin og íbúðirnar, fræðslustyrkirnir sem félagsmenn geta sótt um í fræðslusjóðina þrjá og þannig mætti lengi telja.“

Margrét segir að hún hafi, sem innheimtu- stjóri félagsins síðustu 20 árin, verið í meiri sam-

skiptum við vinnuveitendur en félagsmenn. „Heilt yfir hafa samskipti við vinnuveitendur gengið mjög vel, með örfáum undantekningum. Ég hef átt mína „góðkunningja“ í gegnum tíðina, sem hafa ekki endilega vandað mér kveðjurnar. Það voru þá þeir sem voru í mesta-baslinu með að standa í skilum. Það er, eins og gengur, ástæða fyrir öllum hlutum. Heilt yfir kann ég þeim miklar þakkir fyrir samskiptin.“

„Ég verð til dæmis að segja frá því að þegar ég var hjá Trésmiðafélaginu þá komu „ein-yrkjarnir“ gjarnan á gamlársdag og gerðu upp árið, höfðu þá gjarnan með sér konfekt eða „löggi í flösku“ til að hafa með kaffinu.“

Er fríð ekki að verða búíð?

Aðspurðar segjast þær ekki sjá eftir starfsferlinum, að hafa verið í þessum geira. „Í fyrsta lagi er þetta mjög skemmtilegt, að vinna hjá stéttarfélagi,“ segir Margrét og Sigrún bætur við „Í öðru lagi hefur alltaf verið góður mórall á vinnustaðnum og gott fólk sem við höfum verið að vinna með.“ „Það hefur valist hérna inn alveg ótrúlega gott fólk,“ segja þær báðar. Þetta eru ekki bara starfsfélagar heldur vinir okkar, alveg fram í rauðan dauðann! Enda eru það vinnufélagarnir sem við söknum mest, núna þegar við erum búnar að vera í þessu fríi að undanfögnu.“ Sigrún segir og Madda tekur undir að það taki nokkra mánuði að fatta að þú ert ekki í fríi, að nýr veruleiki sé tekinn við. „Þá er nú gott að kíkja á skrifstofuna í kaffi og hitta vinnufélagana.“

Þær hafa greinilega ekki fengið nóg hvor af annarri eftir allan þennan tíma sem vinnufélagar því núna búa þær í sama fjölbylishúsinu. „Við hittumst nú af og til, ekkert á hverjum degi. Við reynum samt svona annað slagið að fá okkur kaffisopa saman,“ segja þær að lokum.



Ferð á Kárahnjúka 2006.

Fræðsluátaki vegna Covid lýkur senn

Vert er að minna á að 31. desember nk. er lokadagsetning átaks sem fræðslusjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt hafa verið með vegna Covid frá því í mars 2020. Átakið fól m.a. í sér að reglur um almennar styrkveitingar voru rýmkaðar og hækkaði endurgreiðsluhlutfall styrkja úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga.

Að hámarki geta félagsmenn fengið styrk að upphæð kr. 130.000 á ári, en félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

Frá því átakið hófst hafa stjórnir sjóðanna nokkrum sinnum ákveðið að framlengja það. Þegar blaðið fór í prentun var ekki búið að taka ákvörðun um hvort því verði framhaldið, þ.e. hvort úthlutunarreglum verði eitthvað breytt eða hvort lokadagsetning þess verði færð fram á næsta ár.

Almennt um skilyrði fyrir umsókn

Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 24 og greitt til aðildarfélags sjóðanna á þeim tíma á rétt á stuðningi til náms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.

Mínar síður fara að lenda

Fylgstu með á www.ein.is!



Við ákvörðun upphæðar er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða meira gefur fulla styrkupphæð.

Nánari upplýsingar

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, starfsmaður félagsins, adalbjorg@ein.is eða 460 3600, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðu félagsins, www.ein.is undir sjóðir og styrkir og á heimasíðum sjóðanna www.landsmennt.is, www.rikismennt.is og www.sveitamennt.is.

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, um er að ræða stéttarfélag innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Ríkismennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS. Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.

Heimasíða félagsins er á 12 tungumálum

Vert er að benda á að með því að nota Google þýðingarhapp, sem staðsettur er efst til hægri á heimasíðu félagsins www.ein.is, er möguleiki á að skoða síðuna á 12 tungumálum. Þegar búið er að velja tungumál þá birtist allur texti sem finna má á heimasíðunni á viðkomandi tungumáli.

Ákveðið var að setja slíkan hnapp á síðuna til hægðarauka fyrir félagsmenn. Auðvitað er hægt að þýða allar síður á mjög mörg tungumál með google translate en ekki kunna allir að gera slíkt.

Eftirfarandi tungumál eru í boði: Arabíska, Danska, Enska, Norska, Litháíska, Pólska, Rúmenska, Spænska, Tailenska, Víetnámíska og Þýska.





Sjúkrasjóður og fræðslusjóðir Einingar Einingar-Íðju

Útborgun 30. desember 2021

Greiðsla dagpeninga og styrkja vegna desembermánaðar fer fram 30. desember nk. og verður það síðasti greiðsludagur á þessu ári.

Skila þarf gögnum til félagsins í síðasta lagi 17. desember til að ná þessari útborgun. Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar 2022.

Laun um jólin



Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsfólki yfirvinnu eða eftir atvikum álag á stórhátíðum, en þeir dagar sem slíkt gildir um eru:

Aðfangadagur eftir kl.12, jóladagur,

gamlársdagur eftir kl. 12 og nýársdagur.

Öll vinna á stórhátíðardögum greiðist með tímakaupi, sem er 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Fyrir yfirvinnu á öðrum frídögum

skal greiða 80% álag á dagvinnutíma-kaup eða 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Annar í jólum telst almennur frídagur.

Í vaktavinnu eru til tvær reglur um greiðslur á þessum dögum. Annars vegar hjá þeim sem fá vetrarfrí og svo hjá hinum sem ekki eru með vetrarfrí.

Starfsmenn í fullu starfi, sem vinna reglubundna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga á ári vegna samningsbundinna helgi- og tyllidaga sem falla á mánudaga til föstudaga í vinnuvíkunni. Á þetta við um starfsfólk sem hefur unnið fulla vaktavinnu í einn mánuð eða lengur.

Undantekningar:

- ▶ Starfsfólk sem sinnir hlutastarfi í vaktavinnu á hlutfallslegan rétt í samræmi við starfshlutfall.
- ▶ Starfsfólk í tilfallandi vinnu á rétt á stórhátíðarkaupum vegna vinnu á stórhátíðardögum.
- ▶ Ef vetrarfrísregla á við þá er greitt 90% álag á stórhátíðardögum.
- ▶ Ef vetrarfrí er ekki veitt skal greitt stórhátíðarkaup á stórhátíðardögum.

**Pólar
HESTAR**

Hestaferðir



Við bjóðum upp á stuttar hestaferðir alla daga sem henta knöpum á öllum aldri og með mismunandi reynslu. Kaffi og kökur fylgja í lok hverrar ferðar.

www.polarhestar.is

Vinsamlegast bókið með fyrirvara: 89 6 1879

Pólar Hestar – Grýtubakki II – 601 Akureyri

Upplagt að líta við á Grenivík í leiðinni:

www.grenivik.is



Árangur Lífskjarasamningsins er mikill

Í lok september hittust samninganefnd ASÍ og framkvæmdastjórn SA á fundi um framhald Lífskjarasamningsins. Á fundinum kom fram vilji af beggja hálfu til þess að samningar standi og halda þeir því gildi sínu þar til þeir renna út þann 1. nóvember 2022.

Hér fyrir neðan má lesa ályktun sem samþykkt var á formannafundi SGS 2. nóvember sl.

Í kjarasamningum 2019 lögðu aðildarfélög Starfsgreinasambandsins höfuðáherslu á að hækka lægstu launin. Það var gert með því að semja um krónutöluhækkunar og sérstakar hækkunar á lægstu laun, launataxtanna, en lægri hækkunar á hærri laun. Einnig var lögð áhersla á að skapa forsendur fyrir stöðugu verðlagi og lægri vöxtum til að umsamdar launahækkunar brynnu ekki strax upp með óstöðugleika og hærri verðlagi. Aðildarfélög Starfsgreinasambandsins tóku frumkvæði að því að stuðla að stöðugleika með samningum sínum á almenna markaðnum. Kjarasamningar voru góðir og ýttu ekki undir þenslu og stuðluðu að því að lægstu laun hækkuðu til að mæta hækkanði hús-næðiskostnaði.

Hækkun vaxta undanfarinna vikna vekur miklar áhyggjur og getur orðið til þess að samningar breyta. Árangur náðist sem stefnt var að með hækkuðu lægstu launa eins og nýútgefin haustskýrsla Kjaratölfræðinefndar sýnir. Um



Hér má sjá er Björn, formaður félagsins, undirritaði Lífskjarasamninginn í byrjun 2019.

frumkvæðið sem SGS sýndi, með góðum samningum miðuðum að lægst launuðum hópum landsins, reyndist því miður ekki full sátt. Hópar hálaunafólks sóttu hærri hækkunar í samningum sem á eftir fylgdu þar sem launagreiðendur heldu ekki línunni sem var lögð með Lífskjarasamningum almenna vinnumarkaðarins. Er rífleg launahækkun þingmanna þar ofarlega í huga.

Um leið og íslenskt launafólk getur verið stolt af árangri sínum í Lífskjarasamningnum, treystir SGS á að ríkisstjórnin standi við sinn hlut. Sambandið er tilbúið að beita afli sínu til að verja samninginn og mun eftir sem áður sækja fram með sínar réttlátar kröfur og hugmyndir í komandi samningum.

Eitt hús stækkað á Illugastöðum



Í september ákvað stjórn Einingarlöðu að láta stækka hús félagsins nr. 18 á Illugastöðum og hófust framkvæmdir í byrjun október. Eftir stækkun verður húsið um 80 fermetrar að stærð, en viðbyggingin sjálf er um 30 fermetrar. Áætlanir gera ráð fyrir að húsið verði tilbúið næsta vor.

Myndin með fréttinni var tekin í lok október og hefur framkvæmdum miðað vel áfram síðan þá. Húsið er nú orðið fokhelt og búið að klæða nýja partinn að utan, bæði þak og hliðar.

Fleiri myndir af framkvæmdunum má finna á heimasíðu félagsins.



Greiðslur úr félagsmannasjóði SGS

Í síðasta kjarasamningi við sveitarfélögin var samið um og stofnaður sérstakur félagsmannasjóður. Atvinnurekandi greiðir mánaðarlegt framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna og verður greitt úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert. Grein 13.8 í samningi Starfsgreinasambands Íslands og

Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallar um félagsmannasjóðinn.

Greiðslur á árinu 2021, vegna ársins 2020

Vert er að minna aftur á að allir félagsmenn Einingar-Iðju sem störfuðu hjá sveitarfélagi á félagssvæðinu á tímabilinu frá 1. febrúar 2020 til 31. desember 2020 áttu að fá greitt úr félagsmannasjóði SGS 1. febrúar 2021.

Starfsgreinasamband Íslands minnir þá félagsmenn Einingar-Iðju sem ekki hafa fengið greitt frá félagsjóði fyrir árið 2020 að það þarf að gefa upp reikningsupplýsingar til að tryggja að greiðsla úr sjóðnum berist til þeirra. Hægt er að skrá reikningsupplýsingar á heimasíðunni www.sgs.is undir flípanum Félagsmannasjóður.

Greiðslur á árinu 2022, vegna ársins 2021

Félagsmenn sem starfa núna eða störfuðu hjá sveitarfélagi á árinu 2021 munu fá greitt úr félagsmannasjóði 1. febrúar 2022.

Nýir starfsmenn og þeir sem vilja breyta upplýsingum um bankareikninga þurfa að gefa upp reikningsupplýsingar til að tryggja að greiðsla úr sjóðnum berist til þeirra. Hægt er að skrá reikningsupplýsingar á heimasíðunni www.sgs.is undir flípanum Félagsmannasjóður.



Ferðaávisun

Á Orlofsvef Einingar-Iðju, sem finna má á heimasíðu félagsins www.ein.is, geta félagsmenn keypt ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótélum og gistiheimilum um allt land allan ársins hring. Búið er að semja við tugi gististaða um að bjóða félagsmönnum okkar allra bestu kjörin.

Á vefnum, þegar búið er að skrá sig inn, er hægt að skoða tilboðin og velja gisti-stað. Þegar þú hefur fundið spennandi valkost smellir þú á „Kaupa“. Þegar þú gengur frá greiðslu fyrir ferðaávisunina er dregin tiltekin upphæð frá tilboðsverðinu, en félagið niðurgreiðir gistinguna um 20% af valinni upphæð að hámarki kr. 15.000 á hverju almanaksári.

Þú pantar gistingu þegar þér hentar og greinir frá því að þú hyggist greiða fyrir gistinguna með ferðaávisun frá félaginu. Þegar þú mætir á staðinn nægir að gefa upp kennitölu. Ávisunin er rafræn og rennur ekki út. Þú getur notað hana þegar þú vilt, að undangenginni bókun hjá viðkomandi gististað. Ef hótelið eða gistiheimilið sem þú valdir þér er fullbókað, þegar þú hyggst leggja land undir fót, geturðu notað ávisunina upp í gistingu hjá hvaða öðrum samstarfsaðila sem er.

Ef þú rekst einhvern tíma á annað betra tilboð frá sama hóteli eða gistiheimili, geturðu notað ávisunina upp í það tilboð, eða notað hana að hluta til. Þú ert ekki bundinn af því tilboði sem þú valdir þér upphaflega.

Þú getur fengið ávisunina endurgreidda hvenær sem er, en þá aðeins þá upphæð sem þú lagðir sjálfur út. Þá punkta sem þú notaðir við kaupin, færðu einnig til baka.

hika við að hafa samband við skrifstofu félagsins ef þig vantar aðstoð. Við hjálpum þér með ánægju og reynum að leysa málin.

Ávisun á frábært frí

Á orlofsútsavaf Einingar-Iðju geta félagsmenn keypt ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótélum og gistiheimilum um allt land.

Sjá nánar á www.ein.is

EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI!
460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is
Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyraugötu 24b Fjallabyggð



Vetrarleiga orlofshúsa

Félagsmönnum Einingar-löju standa til boða fimm góðir valkostir í orlofsmálum yfir vetrartímann. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, Einarsstöðum á Héraði og Svignaskarði í Borgarfirði. Einnig í orlofsíbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu. Vetrarleigan hófst 1. september sl. og stendur til 1. júní nk.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Auðveldast er að panta á Orlofsvef félagsins, en auðvitað er hægt að hringja í skrifstofur félagsins og panta hús eða bústað.

- Þegar opnað er fyrir vetrarleigu á Orlofsvefnum er hægt að panta íbúðir og hús alveg fram að sumarleigu. Allur veturinn er undir.
- Ekki þarf að sækja sérstaklega um jól eða páska, en þá eru einungis vikuleigur í boði.
- Punktur eru ekki dregnir af vetrarleigu.

Umsjónaraðili með íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu sér um að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofum félagsins og í síma 460 3600.

Einnig má senda póst á netfangið ein@ein.is

Samið um smíði á húsi í Húsafelli



Á fundi í aðalstjórn félagsins í lok september var ákveðið að kaupa lóð í Húsafelli og láta smíða á henni orlofshús. Í október var gengið frá kaupum á lóðinni og samið við verktaka um framkvæmdina.

Eiríkur J. Ingólfsson byggingaverktaki í Borgarnesi mun sjá um smíðina, en hann hefur reist fjölda orlofshúsa m.a. í Svignaskarði og í Húsafelli. Húsið verður sambærilegt og nýtt hús félagsins í Svignaskarði, sem Eiríkur og félagar lögðu nýlega lokahönd á.

Framkvæmdir við húsbygginguna eiga að hefjast á árinu 2022 og er stefnt á að þeim verði lokið vorið 2023, þannig að það verði tilbúið til útleigu sumarið 2023.

Þetta verður fyrsta hús félagsins í Húsafelli, en undanfarin tvö ár hefur félagið tekið á leigu hús á svæðinu og hefur mikil eftirspurn verið eftir þessum stað.

Jólaþrossgátan

Skrifið lausnina á blað, (reitir 1 til 24, úr jólagagi) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 10. janúar 2022. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löjla
- Verðlauna þrossgáta -
Skipagötu 14
600 Akureyri

**Veitt verða tvö
peningaverðlaun**

Kr. 20.000,-
Kr. 10.000,-

Ekki segja upp í veikindum

- Ekki láta þrýsta þér út í réttindamissi -

Það eru því miður nokkur dæmi um að félagsmenn hafi komið á skrifstofur Einingar-löjlu eftir að hafa sagt upp störfum í veikindum. Það getur þýtt mikla réttindaskerðingu hjá viðkomandi. Dæmi eru um að fólk sem hefur verið veikt í nokkurn tíma hefur verið kallað til yfirmanna og þrýst á það að segja upp störfum. Eining-löjla beinir því til félagsmanna sinna að láta alls ekki undan slíkum þrýstingi heldur hafa strax samband við félagið.

Það hefur þrengt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á síðustu árum og yfirmenn því oft í erfiðri stöðu með reksturinn. Þó er óáfsakanlegt í slíkum tilvikum að hafa réttindi af launafólki með því að þrýsta á þá sem lenda í lengri veikindum að segja upp störfum. Það er engin lausn og getur í mörgum tilvikum aukið á vanda þessa fólks frekar en hitt.

Þess vegna er svo mikilvægt að fá ráðgjöf hjá Einingu-löjlu áður en skrifað er upp á starfslok.

Verðlaunagetraun

Hve margir sitja alls í samninganefnd félagsins? (þ.e. bæði aðal- og varamenn)

(Svarið má finna á www.ein.is)

1. 29	4. 59
2. 39	5. 69
3. 49	6. 79

Skrifið lausnina á blað og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 10. janúar 2022. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löjla
- Verðlaunakrossgáta -
Skipagötu 14
600 Akureyri

**Veitt verða tvö
peningaverðlaun**

Kr. 20.000,-
Kr. 10.000,-

facebook

Hvernig væri að gefa okkur eitt like





Styrkur þinn til náms

- Landsmennt er fræðslusjóður samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun beint til fyrirtækjanna sjálfra.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Landsmenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.landsmennt.is



Landsmennt



Þín leið til fræðslu

- Sveitamennt styrkir starfsmenntun beint til sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.sveitamennt.is



Sveitamennt



Menntun skapar tækifæri

- Ríkismennt styrkir starfsmenntun beint til stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.rikismennt.is



Ríkismennt



Átt þú rétt á styrk ?

- Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfélaga
- Sjómennt styrkir starfsmenntun sjómanna beint til fyrirtækja í útgerð.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sjómenntar
- Kynntu þér rétt þinn á www.sjomennt.is



Sjómennt

PACTA

LÖGMENN ALLRA LANDSMANNA

Pacta lögmenn bjóða upp á alla almenna lögfræðipjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Við veitum viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu á þrettán starfsstöðvum víðsvegar um land, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika sem skilar sér í faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum.

Með samræmdu upplýsingakerfi og samskiptalausnum hafa lögmenn Pacta sem og viðskiptavinir okkar, einstakan aðgang að reynslu og sérþekkingu lögmanna stofunnar, hvar sem þeir starfa á landinu.

Reykjavík

Katrínartúni 4
105 Reykjavík

Vesturland

Kirkjubraut 12
300 Akranes

Vestfirðir

Hafnarstræti 19
400 Ísafjörður

Norðurland vestra

Þverbraut 1
540 Blönduós

Norðurland eystra

Hafnarstræti 91-95
600 Akureyri

Austurland

Kaupvangi 3A
700 Egilsstaðir

Suðurland

Austurvegi 4
800 Selfoss

Suðurnes

Krossmóa 4a
230 Reykjanesbæ

Símanúmer okkar er 440 7900 · pacta@pacta.is · www.pacta.is

THE PARLEX GROUP

Pacta er virkur aðili að THE PARLEX GROUP og hefur byggt upp traust viðskiptasamband og persónulegt tengslanet við virtar lögmennastofur víða um heim. www.parlex.org